

## Veðurmælingar á Hólmsheiði 1. febrúar 2006 – 31. október 2012

---

Guðrún Nína Petersen

# Veðurmælingar á Hólmsheiði 1. febrúar 2006 – 31. október 2012

---

Guðrún Nína Petersen, Veðurstofu Íslands

Lykilsíða

<b>Skýrsla nr.:</b> VÍ 2012-017	<b>Dags.:</b> Desember 2012	<b>ISSN:</b> 1670-8261	<b>Opin</b> <input checked="" type="checkbox"/> <b>Lokuð</b> <input type="checkbox"/> <b>Skilmálar:</b>
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Veðurmælingar á Hólmsheiði 1. febrúar 2006 – 31. október 2012		<b>Upplag:</b> 15 <b>Fjöldi síðna:</b> 56 <b>Framkvæmdastjóri sviðs:</b> Jórunn Harðardóttir	
<b>Höfundar:</b> Guðrún Nína Petersen		<b>Verkefnisstjóri:</b> Guðrún Nína Petersen <b>Verknúmer:</b> 3651-1-1481	
<b>Gerð skýrslu/verkstígr:</b>		<b>Málsnúmer:</b> 2013-4	
<b>Unnið fyrir:</b> Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar			
<b>Samvinnuaðilar:</b>			
<b>Útdráttur:</b> Veðurmælingar á Hólmsheiði á tímabilinu 1. febrúar 2006 – 31. október 2012 eru skoðaðar og bornar saman við tilsvarende mælingar, einkum á Reykjavíkurlugvelli. Sérstaklega er fjallað um flughamlandi veður. Sjálfvirka veðurstöðin á Hólmsheiði er í 130 m hæð yfir sjávarmáli og mældi á tímabilinu hita, vind, raka, skyggni, skýjahæð og úrkoma. Veðurfar á Hólmsheiði er í stórum dráttum eins og vænta má út frá veðurfarslegum forsendum. Meðalhiti er lægri en á Reykjavíkurlugvelli en hitasveiflan meiri. Tíðni hitamælinga við eða undir frostmarki er einnig hærri. Mestur meðalvindhraði mælist í suðaustlægum áttum og tíðnidreifing vindhviða yfir 10 m/s er lík þeirri á Keflavíkurlugvelli. Í austlægrri átt er vindur byljóttari á Reykjavíkurlugvelli en á Hólmsheiði. Mat á nothæfisstuðli fyrir fyrirhugaðan flugvöll á Hólmsheiði er lægri en sambærilegt mat fyrir Reykjavíkurlugvöll. Hliðarvindur er mest takmarkandi þátturinn, en nothæfisstuðlar eru hæstir fyrir flugbrautir á bilinu austur/vestur til suðaustur/norðvestur.			
<b>Lykilorð:</b> Hólmsheiði, veðurmælingar, vindhraði, vindátt, vindhviður, hiti, raki, úrkoma, skyggni, skýjahæð, nothæfisstuðull, flughamlandi veður		<b>Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs:</b>  <b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b>	
		<b>Yfirfarið af:</b> Þórunna Pálsdóttir, SG	



# Efnisyfirlit

<b>1 Inngangur</b> .....	9
<b>2 Veðurgögn</b> .....	10
2.1 Hólmsheiði .....	10
2.2 Samanburðargögn .....	10
<b>3 Lofthiti</b> .....	12
<b>4 Loftraki</b> .....	13
<b>5 Vindur</b> .....	14
5.1 Vindhraði .....	14
5.2 Vindáttir .....	19
5.3 Hviðustuðlar .....	21
5.4 Hliðarvindur .....	21
<b>6 Úrkoma</b> .....	27
<b>7 Skyggni</b> .....	29
<b>8 Skýjahæð</b> .....	32
<b>9 Flughamlandi veður</b> .....	35
<b>10 Helstu niðurstöður</b> .....	38
<b>11 Heimildir</b> .....	40
<b>Viðaukar</b>	
<b>I Vindrósir</b> .....	41
<b>II Mat á nothæfisstuðli með tilliti til hliðarvinds á tvær flugbrautir, skyggnis- og skýjahæðartakmarkana</b> .....	50

## Myndaskrá

1	Yfirlitskort.....	9
2	Mánaðarmeðalhiti á Hólmsheiði, Reykjavíkurflugvelli og í Reykjavík .....	12
3	Tíðnidreifing meðalvindhraða á Hólmsheiði, Reykjavíkur- og Keflavíkurflugvelli	15
4	Dreifing meðalvindhraða eftir vindáttum á Hólmsheiði og Reykjavíkurflugvelli...	17
5	Tíðnidreifing vindhviða á Hólmsheiði, Reykjavíkur- og Keflavíkurflugvelli .....	18
6	Mesti 10 mínútna meðalvindhraði og mesta vindhviða á Hólmsheiði og Reykjavíkurflugvelli .....	18
7	Hólmsheiði: tíðni vindátta.....	19
8	Meðalhviðustull á Hólmsheiði og Reykjavíkurflugvelli .....	21
9	Árstíðasveifla úrkomu á Hólmsheiði og í Reykjavík .....	28
10	Uppsöfnuð tíðni skyggnis á Hólmsheiði og Reykjavíkurflugvelli .....	29
11	Hólmsheiði: uppsöfnuð tíðni skyggnis .....	30
12	Reykjavíkurflugvöllur, METAR: uppsöfnuð tíðni skyggnis.....	31
13	Uppsöfnuð tíðni lægstu skýjahæðar 5–8/8 á Hólmsheiði og Reykjavíkurflugvelli .	32
14	Hólmsheiði: Uppsöfnuð tíðni skýjahæðar fyrir skýjahulu 5–8/8 fyrir hvern mánuð	33
15	Reykjavíkurflugvöllur, METAR: Uppsöfnuð tíðni skýjahæðar fyrir skýjahulu 5–8/8 fyrir hvern mánuð .....	34
16	Hólmsheiði: takmarkandi skyggni og skýjahæð .....	35
17	Hólmsheiði, vindrós .....	42
18	Hólmsheiði, vindrós des–mars .....	43
19	Hólmsheiði, vindrós júní–ágúst .....	44
20	Reykjavíkurflugvöllur, vindrós.....	45
21	Reykjavíkurflugvöllur, vindrós des–mars.....	46
22	Reykjavíkurflugvöllur, vindrós júní–ágúst .....	47
23	Keflavíkurflugvöllur, vindrós .....	48
24	Keflavíkurflugvöllur, vindrós des–mars.....	49

## Töfluskrá

1	Veðurgögn frá Hólmsheiði .....	11
2	Lofthiti á Hólmsheiði, Reykjavíkurflugvelli og í Reykjavík .....	12
3	Samanburður á mánaðarmeðaltölum hita.....	13
4	Loftraki á Hólmsheiði og Reykjavíkurflugvelli .....	13
5	Vindhraði á Hólmsheiði og Reykjavíkurflugvelli.....	14
6	Hólmsheiði: Vindhraði .....	14
7	Reykjavíkurflugvöllur: Vindhraði .....	15
8	Hólmsheiði: tíðnidreifing meðalvindhraða .....	16
9	Reykjavíkurflugvöllur: Tíðnidreifing meðalvindhraða .....	16
10	Mismunur tíðnidreifinga vindhraða á Hólmsheiði og Reykjavíkurflugvelli .....	17
11	Hólmsheiði: Tíðni vindátta.....	20
12	Hólmsheiði: Mat á nothæfisstuðli með tilliti til hliðarvinds.....	22
13	Reykjavíkurflugvöllur: Mat á nothæfisstuðli með tilliti til hliðarvinds .....	23
14	Hólmsheiði: Mat á nothæfisstuðli með tilliti til 10 kt hliðarvinds, tvær flubrautir..	24
15	Hólmsheiði: Mat á nothæfisstuðli með tilliti til 20 kt hliðarvinds, tvær flubrautir..	25

16	Hólmsheiði: Mat á nothæfisstuðli með tilliti til 30 kt hliðarvinds, tvær flubrautir..	26
17	Ársúrcoma á Hólmsheiði og í Reykjavík .....	27
18	Uppsöfnuð tíðni skyggnis á Hólmsheiði og Reykjavíkurflugvelli .....	30
19	Hólmsheiði: Uppsöfnuð tíðni skyggnis hvers mánaðar .....	31
20	Uppsöfnuð tíðni skýjahæðar á Hólmsheiði og Reykjavíkurflugvelli.....	33
21	Hólmsheiði: Uppsöfnuð tíðni skýjahæðar fyrir skýjahulu 5–8/8.....	34
22	Hólmsheiði. Mat á nothæfisstuðli með tilliti til hliðarvinds, skyggnis og skýjahæðar .....	36
23	Hólmsheiði. Mat á nothæfisstuðli með tilliti til hliðarvinds, skyggnis og skýjahæðar, tvær flugbrautir .....	37
24	Hólmsheiði: Mat á nothæfisstuðli með tilliti til 10 kt hliðarvinds og skyggnis- og skýjahæðatakmarka 1, tvær flubrautir .....	51
25	Hólmsheiði: Mat á nothæfisstuðli með tilliti til 10 kt hliðarvinds og skyggnis- og skýjahæðatakmarka 2, tvær flubrautir .....	52
26	Hólmsheiði: Mat á nothæfisstuðli með tilliti til 20 kt hliðarvinds og skyggnis- og skýjahæðatakmarka 1, tvær flubrautir .....	53
27	Hólmsheiði: Mat á nothæfisstuðli með tilliti til 20 kt hliðarvinds og skyggnis- og skýjahæðatakmarka 2, tvær flubrautir .....	54
28	Hólmsheiði: Mat á nothæfisstuðli með tilliti til 30 kt hliðarvinds og skyggnis- og skýjahæðatakmarka 1, tvær flubrautir .....	55
29	Hólmsheiði: Mat á nothæfisstuðli með tilliti til 30 kt hliðarvinds og skyggnis- og skýjahæðatakmarka 2, tvær flubrautir .....	56






# 1 Inngangur

Í byrjun janúar 2006 var óskað eftir því við Veðurstofu Íslands að sett yrði upp veðurstöð á Hólmsheiði austan Reykjavíkur. Sett var upp sjálfvirk veðurstöð sem mælir hita, vind og raka. Staðsetning hennar er  $64^{\circ}06.510'N$ ,  $21^{\circ}41.182'V$  (64.1085, 21.6864). Hæð stöðvar er 130 m yfir sjávarmáli. Staðarval var í samvinnu við sérfræðinga Flugmálastjórnar vegna staðsetningar hugsanlegs flugvallar á Hólmsheiði. Stöðin hóf mælingar 10. janúar 2006. Í febrúar 2008 var bætt við sjálfvirkum skyggni- og skýjahæðarmælum. Skyggnismælingar náðu til 27. maí 2010 en skýjahæðamælingar til 8. febrúar 2012, en þá voru báðir mælarnir teknir niður. Úrkomumælir var settur upp 14. janúar 2008 og öðrum mæli bætt við 30. september 2008.

Þrjár skýrslur hafa áður verið unnar út frá veðurmælingum á Hólmsheiði, tvær vegna hita, vinds og raka fyrir tímabilin 11. janúar 2006 – 31. mars 2007 og 11. janúar – 16. desember 2007 (Hreinn Hjartarson, 2007a,b) og ein vegna hita, vinds, raka, úrkomu, skýjahæðar og skyggnis fyrir tímabilið 11. janúar 2006 – 31. október 2009 (Guðrún Nína Petersen, 2009).

Í þessari skýrslu er veðri á Hólmsheiði lýst úr frá mælingum á tímabilinu 01. febrúar 2006 – 31. október 2012. Skoðaðir eru hefðbundnir veðurstikar, s.s. hiti, vindur og raki auk skýjahæðar og skyggnis. Sérstaklega er fjallað um flughamlandi veður, þ.e. hliðarvindur og takmarkandi skýjahæð og skyggni.

Á mynd 1 má finna yfirlitskort yfir svæðið þar sem helstu fjöll sem kunna að hafa áhrif á veður- og vindafar eru merkt inn.



Mynd 1. Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu Hólmsheiðar, Reykjavíkflugvallar og helstu fjalla sem geta haft áhrif á veður- og vindafar á svæðinu.

## 2 Veðurgögn

Öll veðurgögn sem nýtt eru í þessari skýrslu eru sjálfvirkar athuganir nema annað sé tekið fram.

### 2.1 Hólmsheiði

Á Hólmsheiði er vindhraði og vindátt mæld í 10 metra hæð en hiti og raki er mældur í tveggja metra hæð. Mælitíðni er 1 Hz. Gögnum er safnað með söfnunartæki frá Campbell Sci.

Hita-, vind- og rakagögn eru skráð á 10 mínútna fresti. Vindhraði og vindátt er mæld með vindnema frá R. M. Young. Skráð er 10 mínútna meðalgildi vindhraða og vindáttar ásamt staðalfráviki vindáttar og vindhraða. Ennfremur er hæsta gildi 3 sek. vindhviðu á síðustu 10 mínútum skráð. Lofthiti er mældur með platínuhitamæli (Pt-100 frá Logan) og raki loftsins er mældur með HMP-45 rakanema frá Vaisala. Mælt er, eins og áður segir, á einnar sekúndu fresti og skráð einnar mínútu meðaltal hitans fyrir skráningu auk hæsta og lægsta mínútumédaltals hitans fyrir hverjar 10 mínútur. Síðasta mínútumédaltal raka fyrir skráningu er skráð. Hringt er í stöðina á klukkustundarfresti og gögn skráð í gagnagrunn Veðurstofu Íslands. Úr gögnunum eru unnin klukkustundargögn, þ.e. fyrir hvern klukkutíma er skráður 10 mínútna meðalvindur, hæsti 10 mínútna meðalvindur síðustu klukkustundar og hæsta 3 sek. vindhviða, auk 1 mínútu meðalhita, hæsta og lægsta 1 mínútu meðalhita síðustu klukkustundar og 1 mínútu meðaltals rakastígs. Í þessari skýrslu er stuðst við klukkustundargildin, þar sem gæðaeftirlit hefur þá átt sér stað.

Á Hólmsheiði eru tveir úrkomumælir og er úrkoma mæld í 1.5 m hæð. Þann 14. janúar 2008 var settur upp úrkomumælir frá Vaisala (VRG101). Úrkomumælingar úr þessum mæli hafa reynst óáreiðanlegar og því var settur upp annar mælir 30. september 2008, Lambrecht 1518-H3, sem hefur reynst betur. Úrkomumælingar teljast því eingöngu áreiðanlegar frá 1. október 2008. Gæðaprófuð klukkustundargildi úrkomumælinga eru notuð í þessari skýrslu.

Mælingar á skýjahæð voru gerðar með Vaisala CL31 Ceilometer. Mælirinn mælir hæð skýjabotna og lóðrétt skyggni (vertical visibility) 0–25.000 fet, augnabliksgildi á 1 mínútu fresti, og nemur allt að þrjú skýjalög. Skýjaalgóripmi metur skýjahulu þriggja laga og hæð þeirra. Algóripminn nýtir tímaröð af skýjahæðarmælingum síðustu 30 mínúturnar fyrir skráningu og vega síðustu 10 mínútur tvöfalt til að taka betur tillit til rauntímaskýjahula. Skýjahula og hæð skýjahulu eru uppfærð á 5 mínútna fresti. Meiri upplýsingar um skýjahæðarmælinn má finna á <http://www.vaisala.com/weather/products/cl31.html>.

Skyggnimælirinn var Vaisala PWD22 og mældi skyggni 0–20 km, augnabliksgildi á 1 mínútu fresti. Einnig voru úrkoma og úrkomutegund mæld. Bráðabirgðaathuganir á úrkomumælingum skyggnimælis gefa til kynna að mælirinn vanmeti mjög úrkomu og því eru engar mælingar frá mælinum er varða úrkomu nýttar í skýrslunni. Meiri upplýsingar um skyggnimælinn má finna á <http://www.vaisala.com/weather/products/pwd.html>. Í þessari skýrslu eru 1 mínútu gildi af skyggni, skýjahulu og hæð skýjahulu skoðuð.

Í töflu 1 er tilgreind lengd gagnaraða og gagnamóttaka allra gagna af Hólmsheiði.

### 2.2 Samanburðargögn

Til samanburðar við veðurgögnin frá Hólmsheiði er stuðst við veðurgögn frá Reykjavíkflugvelli og Reykjavík (Veðurstofureit). Á Reykjavíkflugvelli er sjálfvirk veðurstöð í eign Veður-

Tafla 1. Veðurgögn frá Hólmsheiði sem lýst er í skýrslunni, tímabil, lengd gagnaraða og gagnamóttaka.

Veðurstiki	Upphaf	Endir	Alls	Gagnamóttaka
Hiti	1. febrúar 2006	31. október 2012	6 ár og 9 mánuðir	99%
Raki	1. febrúar 2006	31. október 2012	6 ár og 9 mánuðir	99%
Vindur	1. febrúar 2006	31. október 2012	6 ár og 9 mánuðir	99%
Úrkoma	1. október 2008	30. september 2012	4 ár	96%
Skyggni	1. mars 2008	27. maí 2010	2 ár og 2 mánuðir	96%
Skýjahæð	1. mars 2008	31. janúar 2012	3 ár og 11 mánuðir	93%

stofu Íslands. Klukkustundargildi, sambærileg við gögn frá Hólmsheiði, eru nýtt í samanburði á hita, raka, vindhraða og vindáttum.

Á Veðurstofu Íslands, í Veðurstofureit, eru gerðar sjálfvirkar veðurathuganir af helstu veðurstikum, s.s. hita, raka, vindi og úrkomu. Þar sem við á eru þessar athuganir bornar saman við athuganir á Hólmsheiði.

Veðurathugunarmenn á Veðurstofu Íslands, Reykjavík, gera METAR-athuganir (flugvallaathuganir) fyrir Reykjavíkurlugvöll á klukkutímabreesti allan sólarhringinn. Veðurstofa Íslands er 40 m ofar en flugvöllurinn og því eru skýja- og skyggnisaðstæður stundum aðrar en á flugvellinum sjálfum. Skyggni er metið af athugunarmönnum. Að jafnaði er ekki stuðst við sjálfvirka skyggnismælinn á flugvellinum heldur metur athugunarmaður skyggnið sjálfur. Ef skyggni er slæmt,  $\leq 1$  km, er hringt í flugturn og óskað eftir skyggnismati þaðan. Þá er stuðst að einhverju leyti við sjálfvirkan skyggnismæli. Skyggnismælingarnar í METAR-athugunum eru því að nokkru leyti háðar sjálfvirkum mælingum. Skýjahula og hæð skýjahulu er einnig metin. Skýjahulan er metin af athugunarmönnum en við mat á hæð skýjahulunnar notast athugunarmenn bæði við eigið hæðarmat og upplýsingar úr sjálfvirkum skýjahæðarmæli. Það má því ætla að skýjahæð í METAR-athugunum sé einnig að einhverju leyti háð sjálfvirkri mælingu.


Til að fá betri mynd af vindafari á Hólmsheiði samanborði við starfrækta flugvelli á svæðinu eru einnig sjálfvirkar vindmælingar á Keflavíkurlugvelli bornar saman við mælingar á Hólmsheiði og á Reykjavíkurlugvelli.

### 3 Lofthiti

Hita- og rakamælingar eru gerðar í 2 m hæð. Eins og fram kemur í töflu 2 þá er meðalhiti á Hólmsheiði 1.0°C lægri en á Reykjavíkurflugvelli og hitasveiflan aðeins meiri, þ.e. hæsti hiti hærri og lægsti hiti lægri. Hæsti hiti tímabilsins mældist á öllum þremur stöðvum síðdegis 30. júlí 2008 og lægsti í kringum miðnætti 1. febrúar 2008.

Tafla 2. Lofthiti (°C) á Hólmsheiði, Reykjavíkurflugvelli og í Reykjavík (Veðurstofureit), 1. febrúar 2006 – 31. október 2012.

Veðurstöð	Meðalhiti (°C)	Hæsti hiti (°C)	Lægsti hiti (°C)
Hólmsheiði	4.8	27.9	-18.2
Reykjavíkurflugvöllur	5.8	26.2	-14.8
Reykjavík	5.7	26.4	-14.3



Mynd 2. Meðalhiti (°C) hvers mánaðar á Hólmsheiði, Reykjavíkurflugvelli og í Reykjavík (Veðurstofureit), 1. febrúar 2006 – 31. október 2012.

Mánaðameðaltöl er að finna í töflu 3 og á mynd 2. Ljóst er að meðalhitinn á Hólmsheiði er lægri en á Reykjavíkurflugvelli alla mánuði ársins. Frá hausti fram á vor (sept–apríl) er meðalmánaðarhitinn á Hólmsheiði 1.1–1.3°C lægri en á Reykjavíkurflugvelli en minnstur er munurinn í júlí (0.7°C).

Tafla 3. Samanburður á mánaðarmeðaltölum hita ( $^{\circ}\text{C}$ ) á Hólmsheiði, Reykjavíkurlflugvelli og í Reykjavík (Veðurstofureit), 1. febrúar 2006 – 31. október 2012.

	jan	feb	mars	apr	maí	jún	júl	ág	sept	okt	nóv	des	árið
Hólmsheiði	-0.2	0.2	0.4	3.0	6.4	9.6	11.8	10.8	8.2	4.0	1.5	-0.3	4.8
Reyk.flugv.	1.0	1.4	1.7	4.1	7.3	10.4	12.5	11.7	9.3	5.1	2.6	0.8	5.8
Reykjavík	1.0	1.3	1.6	4.0	7.2	10.3	12.4	11.6	9.1	5.0	2.6	0.8	5.7

Yfir vetrarmánuðina desember–mars er meðalhitinn á Hólmsheiði í 46% tilvika við eða undir frostmarki ( $\leq 0^{\circ}\text{C}$ ) en í 30% tilvika á Reykjavíkurlflugvelli. Á vorin og haustin (apríl, maí, október og nóvember) eru sambærilegar tölur 18% á Hólmsheiði og 12% á Reykjavíkurlflugvelli. Það er því greinilegur munur á tíðni frostdaga á Hólmsheiði og Reykjavíkurlflugvelli.

## 4 Loftraki

Rakastig hækkar ef hiti lækkar en magn vatnsgufu breytist ekkert. Það má því gera ráð fyrir að lægri lofthiti á Hólmsheiði hafi í för með sér hærra rakastig. Einnig liggur Hólmsheiðin um 120 m hærra og því oft nær skýjum. Mælingar sýna að fyrir alla mánuði ársins er rakastigið hærra á Hólmsheiði en á Reykjavíkurlflugvelli, sjá töflu 4. Að meðaltali er rakastigið 4 prósentustigum hærra á Hólmsheiði. Það gefur til kynna að þoka og súldarveður séu tíðari á Hólmsheiði en á Reykjavíkurlflugvelli.

Tafla 4. Samanburður á mánaðarmeðaltölum loftraka (%) á Hólmsheiði og Reykjavíkurlflugvelli, 1. febrúar 2006 – 31. október 2012.

	jan	feb	mars	apr	maí	jún	júl	ág	sept	okt	nóv	des	árið
Hólmsheiði	84	82	82	79	72	74	78	80	81	81	78	83	79
Reyk.flugv.	79	75	75	72	69	72	75	76	76	75	75	77	75

## 5 Vindur

Vindmælingar eru að jafnaði gerðar í um 10 m hæð yfir jörðu og svo er einnig á Hólmsheiði.

### 5.1 Vindhraði

Í töflu 5 er sýndur meðalvindhraði, mesti 10 mínútna meðalvindhraði og mesta vindhviða á Hólmsheiði og Reykjavíkurflogvelli fyrir tímabilið. Meðalvindhraði tímabilsins var 1.1 m/s meiri á Hólmsheiðinni en á Reykjavíkurflogvelli. Þá var mesti meðalvindhraði 6 m/s meiri og mesta hviða 7 m/s meiri en á Reykjavíkurflogvelli. Meðalvindhraði á Reykjavíkurflogvelli var 5.3 m/s fyrir tímabilið og sömuleiðis fyrir 11 ára tímabilið 2001–2011. Mesti meðalvindhraði og mesta hviða mældust á báðum stöðvum 13. desember 2007.

Tafla 5. Vindhraði (m/s) á Hólmsheiði og Reykjavíkurflogvelli 1. febrúar 2006 – 31. október 2012.

Veðurstöð	Meðalvindhraði (m/s)	Mesti meðalvindhraði (m/s)	Mesta hviða (m/s)
Hólmsheiði	6.4	34.5	46.1
Reykjavíkurflogvöllur	5.3	28.5	39.1

Í töflum 6 og 7 eru mánaðargildi vindhraða fyrir annars vegar Hólmsheiði og hins vegar Reykjavíkurflogvöll. Talsverður breytileiki er milli mánaða. Meðalvindhraðinn á Hólmsheiði er mestur í nóvember, desember og febrúar, 7.3–7.4 m/s, en minnstur í júlí, 4.7 m/s. Breytileiki á milli mánaða er svipaður á Reykjavíkurflogvelli. Næstmesti meðalvindhraðinn og næstmesta hviðan mældust á báðum stöðum í febrúar en þær mælingar eru úr sama veðri, 8. febrúar 2008.

Tafla 6. Hólmsheiði: Vindhraði (m/s) 1. febrúar 2006 – 31. október 2012. Mesti meðalvindhraði, mesti 10 mínútna meðalvindhraði og mesta vindhviða eru feitletruð.


	jan	feb	mars	apr	maí	jún	júl	ág	sept	okt	nóv	des
Meðalvindhraði	7.0	<b>7.4</b>	7.2	7.0	5.9	5.2	4.7	4.9	6.4	6.6	<b>7.4</b>	7.3
Mestur 10 mín. vindhraði	28.1	33.2	26.5	32.0	22.9	22.9	23.5	25.8	29.7	27.3	30.9	<b>34.5</b>
Mesta hviða	39.5	46.0	35.5	40.4	30.4	28.2	31.4	34.5	37.4	35.0	40.4	<b>46.1</b>

Mynd 3 sýnir tíðnidreifingu 10 mínútna meðalvindhraða á Hólmsheiði, Reykjavíkurflogvelli og Keflavíkurflogvelli. Hægur vindur, 0–5 m/s, er mun algengari á Reykjavíkurflogvelli en Hólmsheiði. Ennfremur er ljóst að tíðnidreifing vindhraða á Hólmsheiði, fyrir vindhraða yfir 10 m/s,

Tafla 7. Reykjavíkurflugvöllur. Vindhraði (m/s) 1. febrúar 2006 – 31. október 2012. Mesti meðalvindhraði, mesti 10 mínútna meðalvindhraði og mesta vindhviða eru feitletruð.

	jan	feb	mars	apr	maí	jún	júl	ág	sept	okt	nóv	des
Meðalvindhraði	5.7	<b>6.0</b>	<b>6.0</b>	5.8	4.9	4.4	4.0	4.1	5.5	5.3	5.9	5.9
Mestur 10 mín. vindhraði	22.9	26.7	20.2	26.8	18.6	17.7	17.6	17.2	21.0	20.7	23.0	<b>28.5</b>
Mesta hviða	34.3	37.7	28.4	36.4	25.8	24.7	25.2	25.0	30.6	33.3	34.4	<b>39.1</b>

er líkari tíðnidreifingu vindhraða á Keflavíkurflugvelli en á Reykjavíkurflugvelli. Tíðni vindhraða 10 m/s eða hærri var 10.4% á Reykjavíkurflugvelli en 18.4% og 20.4% á Hólmsheiði og Keflavíkurflugvelli.



Mynd 3. Tíðnidreifing (%) 10 mínútna meðalvindhraða á Hólmsheiði, Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli, 1. febrúar 2006 – 31. október 2012.

Í töflu 8 er sýnd tíðnidreifning 10 mínútna meðalvindhraða á Hólmsheiði eftir mánuðum. Yfir sumarmánuðina, júní–ágúst, er vindhraði á Hólmsheiði í yfir helmingi tilvika  $\leq 5$  m/s og í yfir 90% tilvika  $\leq 10$  m/s. Aftur á móti er tíðni vindhraða 10 m/s eða meiri yfir 25% í bæði nóvember og desember. Í tveimur mánuðum mælist 10 mínútna meðalvindhraði yfir 30 m/s, í febrúar og desember.

Til samanburðar er 10 mínútna meðalvindhraði á Reykjavíkurflugvelli  $\leq 5$  m/s í yfir 65% tilvika

Tafla 8. Hólmsheiði: Tíðnidreifing vindhraða eftir mánuðum (%). Ef engar mælingar er skráð -.

	jan	feb	mars	apr	maí	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	des
0–5 m/s	43.4	33.3	37.2	37.1	47.6	54.7	63.6	59.3	44.8	40.8	36.0	41.2
5.1–10 m/s	32.9	42.3	38.2	42.6	38.8	36.5	28.8	33.2	36.7	39.2	37.3	33.1
10.1–15 m/s	16.2	19.2	19.4	15.7	11.7	7.8	6.8	6.6	14.3	16.1	20.5	18.2
15.1–20 m/s	6.1	4.2	3.8	3.8	1.7	1.0	0.7	0.7	3.6	3.2	4.9	5.8
20.1–25 m/s	1.2	0.7	0.9	0.8	0.2	0.0	0.0	0.2	0.5	0.6	1.1	1.4
25.1–30 m/s	0.2	0.2	0.1	-	-	-	-	-	-	0.1	0.2	0.3
30.1–35 m/s	-	0.1	-	-	-	-	-	-	-	-	-	0.0

yfir sumarmánuðina og tíðni vindhraða yfir 10 m/s rétt rúmlega 15% í nóvember og desember, sjá töflu 9. Mismunataflan, tafla 10, sýnir skýrt að fyrir alla mánuði ársins er 10 mínútna meðalvindhraði yfir 10 m/s tíðari á Hólmsheiði en á Reykjavíkurflugvelli. Vindhraði á Hólmsheiði mælist yfir 20 m/s í öllum mánuðum, en þó afar sjaldan í júní og júlí. Á Reykjavíkurflugvelli mælist vindhraði yfir 20 m/s í örfáum tilvikum,  $\leq 0.1\%$ , og aldrei að sumarlagi.

Tafla 9. Reykjavíkurflugvöllur. Tíðnidreifing vindhraða eftir mánuðum (%). Ef engar mælingar er skráð -.

	jan	feb	mars	apr	maí	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	des
0–5 m/s	52.2	44.9	45.7	46.3	59.2	65.8	70.5	69.5	52.8	53.8	47.0	48.8
5.1–10 m/s	33.4	41.9	40.1	42.9	33.5	30.0	27.2	27.3	36.0	34.9	37.6	35.8
10.1–15 m/s	12.0	11.8	12.7	9.3	6.8	4.1	2.3	3.1	10.2	10.2	13.4	12.2
15.1–20 m/s	2.3	1.2	1.4	1.4	0.5	0.1	0.1	0.1	1.0	1.1	1.8	2.9
20.1–25 m/s	0.2	0.1	0.0	0.0	-	-	-	-	0.0	0.0	0.2	0.4
25.1–30 m/s	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	0.0
30.1–35 m/s	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-


Dreifing vindhraða eftir vindáttum á Hólmsheiði og Reykjavíkurflugvelli er sýnd á mynd 4. Eins og fram hefur komið er vindhraði að jafnaði meiri á Hólmsheiði en á Reykjavíkurflugvelli. Í hánorðanátt ( $355^\circ$ ) er þó vindhraði á Hólmsheiði minni en á Reykjavíkurflugvelli, þar sem Úlfarsfellið skýlir Hólmsheiði í norðan- og norðnorðvestanáttum. Fjallendi í nágrenni höfuðborgarsvæðisins skýlir svæðinu að hluta til fyrir norðnorðaustlægum og norðaustlægum áttum ( $40\text{--}60^\circ$ ) og er því vindáttin sjaldgæf og vindhraði lítill, sjá mynd 17 og 20. Mestur vindhraði mælist í suðaustlægum áttum ( $120\text{--}150^\circ$ ) á báðum stöðum, þegar krappar lægðir eru skammt suðvestur af landinu.

Tíðnidreifing vindhviða má sjá á mynd 5. Ef skoðuð er tíðni hviða yfir 10 m/s er ljóst að líkt og fyrir meðalvindhraða er hviðutíðnin á Hólmsheiði líkari þeirri á Keflavíkurflugvelli en á Reykja-



Tafla 10. Mismunur á tíðnidreifingu vindhraða á Hólmsheiði og Reykjavíkurlflugvelli eftir mánuðum (%). Jákvæðar tölur þýða að tíðnin er meiri á Hólmsheiði en á Reykjavíkurlflugvelli. Ef engar mælingar er skráð -.


	jan	feb	mars	apr	maí	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	des
0–5 m/s	-8.7	-11.6	-8.5	-9.3	-11.6	-11.0	-6.8	-10.2	-7.9	-13.0	-11.0	-7.5
5.1–10 m/s	-0.5	0.4	-0.3	-0.3	5.3	6.5	1.6	5.9	0.7	4.4	-0.3	-2.7
10.1–15 m/s	4.3	7.3	6.4	6.4	4.9	3.9	4.6	3.6	4.1	5.9	7.0	6.0
15.1–20 m/s	3.8	2.9	2.4	2.4	1.2	0.9	0.7	0.6	2.6	2.1	3.1	2.9
20.1–25 m/s	1.0	0.6	0.7	0.7	0.2	0.0	0.0	0.2	0.5	0.6	0.9	1.1
25.1–30 m/s	0.2	0.2	0.0	0.0	-	-	-	-	0.0	0.1	0.2	0.3
30.1–35 m/s	-	0.1	-	-	-	-	-	-	-	-	-	0.0




Mynd 4. Dreifing 10 mínútna meðalvindhraða (m/s) eftir vindáttum ( $^{\circ}$ ) á (a) Hólmsheiði og (b) Reykjavíkurlflugvelli, 11. janúar 2006 – 31. október 2009.

víkurlflugvelli. Tíðni vindhviða yfir 15 m/s er 12% á Reykjavíkurlflugvelli en 18% á Hólmsheiði og 20% á Keflavíkurlflugvelli.

Á mynd 6 er sýndur mesti 10 mínútna meðalvindhraði og mesta vindhviða fyrir mismunandi vindáttir auk 90. hundraðshlutamarka (e. percentile), fyrir bæði Hólmsheiði og Reykjavíkurlflugvöll. Í báðum tilvikum er mestur munur á vindafari á Hólmsheiði og Reykjavíkurlflugvelli í austan- til sunnanáttum ( $90\text{--}180^{\circ}$ ) en minnstur í vestan- til norðanáttum. Til dæmis er varla munur á mesta 10 mínútna meðalvindhraða, hvorki í 90. hlutfallsmarki né í því mesta sem mælst hefur á tímabilinu í hreinni vestanátt.



Mynd 5. Tíðnidreifing (%) vindhviða á Hólmsheiði, Reykjavíkurflogvelli og Keflavíkurflogvelli, 1. febrúar 2006 – 31. október 2012.




Mynd 6. (a) Mesti 10 mínútna meðalvindhraði (línur) og 90. hundraðshlutamark (e. percentile, stöplur). (b) Mesta vindhviða (línur) og 90. hundraðshlutamark (stöplur), við mismunandi vindáttir. Hólmsheiði er sýnd með bláum lit og Reykjavíkurflogvöllur með rauðum lit, 1. febrúar 2006 – 31. október 2012.

## 5.2 Vindáttir

Í viðauka eru myndir sem sýna vindrósir fyrir Hólmsheiði fyrir allt tímabilið, vetrarmánuði og sumarmánuði, mynd 17–19. Sömuleiðis eru vindrósir fyrir Reykjavíkflugvöll á mynd 20–22, og fyrir Keflavíkflugvöll, allt tímabilið og vetrarmánuði, mynd 23–24.

Mynd 7 sýnir tíðni vindátta á Hólmsheiði fyrir hvern mánuð fyrir sig og meðaltal tímabilsins. Sömu upplýsingar má finna í töflu 11. Austanátt er algengust, og langalgengust yfir vetrarmánuðina, en norðlæg átt sjaldgæfust. Í norðlægri átt er Hólmsheiði í skjóli frá Úlfarsfelli, sjá mynd 1. Vegna þessa kemur einnig fram toppur í tíðni norðaustanáttar ( $30\text{--}50^\circ$ ) þar sem loftið streymir á milli Úlfarsfells og Hádegisfells. Meðalvindhraði í norðnorðaustanátt ( $30^\circ$ ) er að jafnaði mestur, sjá stöplarit á mynd 17–19 í viðhengi. Norðvestanátt er algeng yfir sumarmánuðina, júní–ágúst. Eins og sjá má á mynd 19 eru helstu vindáttir yfir sumarmánuðina norðvestlægar og suðaustlægar. Norðvestlægur vindur er þá hafgola, að jafnaði fremur hæg. Suðaustlægur vindur er annaðhvort hæg landgola eða suðaustanátt samfara lögðum suðvestur af landinu. Vindhraði er þá nokkuð meiri, oft 10–15 m/s. Aðra mánuði ársins er norðvestanátt frekar sjaldgæf en suðaustlægar áttir algengar samfara lögðagangi.




Mynd 7. Tíðni vindátta (%) á Hólmsheiði, 1. febrúar 2006 – 31. október 2012, fyrir hvern mánuð fyrir sig. Vetrarmánuðirnir, des–feb, eru bláir, vormánuðirnir, mars–apr, grænir, sumarmánuðirnir, júní–ágúst, rauðir og haustmánuðirnir, sept–nóv, gulir. Ársmeðaltalið er sýnt með svartri línu.

Vindáttatíðni á Reykjavíkflugvelli er svipuð með austanátt sem algengustu vindáttina. Að vetri til er austanátt ríkjandi líkt og á Hólmsheiði, en að sumri sólfarsvindar. Norðlæg átt er fremur algeng allt árið.

Vindáttatíðni er töluvert önnur á Keflavíkflugvelli. Þar eru áhrif landslags er með öðrum hætti en á höfuðborgarsvæðinu, austanátt er mun sjaldgæfari og meginvindáttir eru norðnorðaustanátt og suðaustanátt, sjá myndir 23 og 24 í viðhengi.

Tafla 11. Hólmsheiði: Tíðni vindátta (%), 1. febrúar 2006 – 31. október 2012. Hæstu gildi hvers mánaðar eru feitletruð.

	jan	feb	mars	apr	maí	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	des	árið
N 360	0.5	0.6	0.7	0.6	1.4	0.9	0.7	1.0	0.9	1.0	1.2	1.1	0.9
10	1.2	0.7	1.2	1.1	2.2	1.8	1.3	1.9	1.1	1.3	1.5	1.5	1.4
20	1.5	1.4	2.2	2.6	3.6	2.5	2.1	2.8	2.0	2.0	3.2	1.3	2.3
30	2.0	2.2	3.8	3.8	3.9	3.2	2.4	3.8	2.6	4.3	5.3	3.7	3.4
40	2.1	3.3	3.6	3.1	3.3	2.9	3.2	2.3	2.5	4.3	4.0	3.8	3.2
50	1.0	1.5	1.7	1.3	2.1	1.3	1.9	1.4	1.5	2.3	1.7	1.7	1.6
60	1.4	1.7	1.3	1.3	1.9	1.1	1.3	1.2	1.2	2.3	1.8	1.4	1.5
70	2.6	3.3	3.0	2.5	3.1	2.0	2.0	1.9	2.9	3.6	3.1	2.1	2.7
80	7.8	<b>11.6</b>	7.1	6.0	5.8	3.0	3.5	4.7	6.0	8.7	7.9	7.5	6.6
A 90	<b>8.6</b>	<b>11.6</b>	<b>8.4</b>	<b>8.7</b>	<b>5.8</b>	3.8	3.6	5.0	6.3	<b>10.6</b>	<b>10.0</b>	<b>9.4</b>	<b>7.5</b>
100	4.8	6.6	4.4	4.9	3.7	3.1	3.6	3.8	4.4	6.4	5.6	5.3	4.7
110	4.8	4.6	4.2	3.9	3.8	3.2	3.8	4.3	4.2	5.4	4.5	5.6	4.3
120	5.6	5.1	4.8	4.3	4.0	4.3	4.7	6.0	6.1	5.8	5.1	6.6	5.2
130	6.6	3.9	3.9	5.8	4.6	5.1	6.1	<b>6.6</b>	<b>6.8</b>	5.1	5.4	5.9	5.5
140	5.5	3.1	3.7	4.7	5.2	5.4	5.8	5.7	6.5	3.8	5.3	5.4	5.0
150	4.4	3.5	3.4	3.9	4.2	3.6	4.2	3.9	4.9	3.1	3.6	4.2	3.9
160	2.6	2.8	2.6	2.6	2.6	2.2	2.2	2.1	3.2	2.5	2.3	3.2	2.6
170	2.5	2.5	3.0	2.3	2.6	1.8	1.4	2.5	3.4	2.4	2.3	3.1	2.5
S 180	2.9	2.1	1.9	2.2	2.5	1.5	1.4	1.8	2.8	2.2	1.6	2.7	2.1
190	3.2	2.1	2.4	2.0	1.7	1.5	1.2	1.4	2.4	2.7	1.6	3.0	2.1
200	3.2	2.6	2.6	2.4	1.8	1.8	1.1	1.3	2.5	2.4	1.5	2.3	2.1
210	2.8	3.0	3.2	3.4	1.0	2.2	1.3	1.5	2.3	2.3	1.2	2.5	2.2
220	3.3	3.9	3.1	3.2	1.4	2.4	1.9	2.3	2.9	2.2	2.0	2.5	2.6
230	3.3	3.6	4.1	3.0	1.6	2.6	2.9	2.5	3.1	1.7	2.2	3.1	2.8
240	3.3	2.8	4.5	2.5	1.5	1.8	2.4	1.9	2.6	1.5	1.9	2.0	2.4
250	2.1	2.2	3.0	2.0	1.0	1.4	2.0	1.4	1.6	1.0	1.5	1.2	1.7
260	1.7	1.4	2.2	1.4	1.8	1.7	1.8	1.7	1.3	0.9	1.4	1.1	1.5
V 270	1.9	1.2	1.9	1.9	1.9	2.5	2.6	2.3	1.5	0.8	1.7	1.0	1.8
280	1.6	1.1	1.7	2.1	2.7	3.5	3.3	2.4	1.6	1.1	2.0	1.0	2.0
290	1.6	1.0	1.1	1.6	2.5	3.9	3.7	3.3	1.4	1.0	1.5	0.8	2.0
300	0.8	1.0	1.0	1.6	3.8	6.2	5.6	4.6	1.5	0.7	1.5	0.7	2.5
310	1.0	0.6	1.1	1.9	4.3	<b>6.8</b>	<b>6.5</b>	4.4	1.5	0.7	0.9	0.7	2.6
320	0.5	0.4	0.9	2.2	3.0	4.8	4.3	2.4	1.4	0.9	0.9	0.5	1.9
330	0.6	0.3	0.7	1.5	1.8	2.3	2.2	1.7	1.2	1.3	1.2	0.7	1.3
340	0.5	0.3	0.7	0.8	1.0	1.0	1.0	0.9	1.1	0.7	0.8	0.6	0.8
350	0.3	0.4	0.5	0.7	0.9	0.5	0.7	1.0	0.9	0.7	0.8	0.6	0.7
logn	0.1	0.1	0.3	0.1	0.1	0.2	0.1	0.1	0.1	0.0	0.2	0.0	0.1



Mynd 8. Meðalhviðustuðull sem fall af vindátt fyrir Hólmsheiði og Reykjavíkurflogvöll, 1. febrúar 2006 – 31. október 2012.

### 5.3 Hviðustuðlar

Hviðustuðull hefur verið reiknaður fyrir Hólmsheiði og Reykjavíkurflogvöll sem hlutfallið milli mestu hviðu og mesta 10 mínútna meðalvind liðinnar klukkustundar (sjá t.d. Hálfván Ágústsson & Harald Ólafsson (2004)). Niðurstöður útreikninganna sem fall af vindátt eru sýndar á mynd 8. Eingöngu er sýndur hviðustuðull þegar mesti 10 mínútna meðalvindur er  $\geq 5$  m/s. Það sést glögg að breytileikinn er mun meiri á Hólmsheiði en Reykjavíkurflogvelli. Mestur er munurinn í austlægum áttum (60–150°), þar sem nálægð Öskjuhlíðar hefur áhrif á vind á Reykjavíkurflogvelli en engar hindranir eru í næsta nágrenni veðurstöðvar á Hólmsheiði, og vindur því ekki eins byljóttur.

### 5.4 Hliðarvindur

Hliðarvindur er skilgreindur sem vindhraði þvert á flugbraut. Reiknaður er hliðarvindur fyrir 17 flugbrautir, þ.e. með 10 gráða bili. Nothæfisstuðull með tilliti til hliðarvinds er skilgreindur sem hlutfall athugana þar sem hliðarvindur á flugbraut takmarkar ekki notagildi flugvallar miðað við ákveðin útmörk. Nothæfisstuðullinn 95% gefur því til kynna að í einu tilfelli af hverjum 20 sé að jafnaði ekki hægt að nota flugvöllinn. Hliðarvindur er hér gefin í hnútum (kt), en það er sú vindhraða mælieining sem notuð er af flugrekstraraðilum. Einn hnútur er 0.5144 m/s, og því er 10 kt=5.14 m/s, 20 kt=10.29 m/s og 30 kt=15.43 m/s.

Tafla 12 sýnir mat á nothæfisstuðli með tilliti til hliðarvinds fyrir 17 réttvísandi flugbrautir á Hólmsheiði og tafla 13 sambærilegt mat á nothæfisstuðli Reykjavíkurflogvallar fyrir sama tímabil. Flugbrautirnar á Reykjavíkurflogvelli eru réttvísandi 0°/180° og 120°/300° en seguláttir eru nú hliðraðar um 10° frá réttvísandi. Flugbrautunum er gefið nafn eftir seguláttum: flugbraut 01/19 liggur samsíða seguláttum 010°/190°. Nothæfisstuðlar í báðum töflum eru svipaðir og í

fyrri skýrslu (Guðrún Nína Petersen, 2009), en rétt er að taka fram að í töflu 11 í þeirri skýrslu hafa gildin fyrir hugsanlega norður-suður braut og austur-vestur braut á Hólmsheiði víxlast. Not-hæfisstuðlar reiknaðir hér eru 1–2 prósentustigum hærrí fyrir lægsta útmarkið bæði á Hólmsheiði og Reykjavíkurflogvelli, 0.5–1 prósentustigum hærrí fyrir efri mörkin á Hólmsheiði en svo til óbreyttir fyrir Reykjavíkurflogvöll frá fyrri skýrslu.

*Tafla 12. Mat á nothæfisstuðli með tilliti til hliðarvinds á mögulegar flugbrautir á Hólmsheiði í réttvísandi stefnur, 1. febrúar 2006 – 31. október 2012.*

Réttvísandi flugbrautir	10 kt hámarks-hliðarvindur	20 kt hámarks-hliðarvindur	30 kt hámarks-hliðarvindur
N/S 000/180	64.6%	91.9%	98.3%
010/190	65.6%	91.2%	98.1%
020/200	66.5%	90.0%	97.9%
030/210	66.9%	91.2%	97.7%
040/220	68.1%	91.8%	97.5%
050/230	70.0%	92.4%	97.5%
060/240	72.0%	92.7%	97.6%
070/250	73.5%	92.9%	97.8%
080/260	74.4%	93.0%	98.0%
A/V 090/270	75.1%	93.1%	98.2%
100/280	75.4%	93.4%	98.4%
110/290	74.8%	93.7%	98.6%
120/300	72.7%	94.0%	98.7%
130/310	70.6%	93.9%	98.8%
140/320	68.9%	93.9%	98.9%
150/330	67.0%	93.5%	98.8%
160/340	65.1%	93.2%	98.7%
170/350	64.2%	92.7%	98.5%
N/S 180/360	64.6%	91.9%	98.3%

Nothæfisstuðlar með tilliti til hliðarvinds fyrir Hólmsheiði eru aðeins lægri en fyrir Reykjavíkurflogvöll, einkum fyrir lægstu útmörk. Ef skoðaður eru nothæfisstuðlar vegna 10 kt hámarks-hliðarvind eru nothæfisstuðlarnir á bilinu 64.2–75.4% fyrir hinar hugsanlegu flugbrautir á Hólmsheiði en tæp 78% fyrir flugbrautir á Reykjavíkurflogvelli. Ef miðað er við 20 kt hliðarvind eru gildin 90.9–94% á Hólmsheiði en 96.3% og 97.4% á Reykjavíkurflogvelli. Við útmörkin 30 kt hafa gildin fyrir Hólmsheiði nálgast Reykjavíkurflogvöll mikið, en eru að meðaltali 1.6 prósentustigum lægri. Þegar litið er á fyrir hvaða flugbrautir hliðarvindur er minnst flughamlandi kemur í ljós að fyrir efri viðmiðunarmörk, eru það flugbrautir sem liggja á 110/290–150/330 (suðaustur/norvestur-geirar) sem eru hagstæðastar en mest takmarkandi flugbrautir eru á bilinu 010/190–060/240 (norðaustur/suðvestur-geirar). Þetta er eflaust afleiðing hvassrar suðaustanáttar samfara lægðagangi. Fyrir 30 kt hámarkshliðarvind er þó munurinn á milli flugbrauta varla marktækur. Fyrir lægstu viðmiðunarmörkin, 10 kt hámarkshliðarvind, er munurinn á nothæfisstuðli meiri á milli flugbrauta eða allt að 11.3 prósentustigum. Hagstæðastar eru austur-

Tafla 13. Mat á nothæfisstuðli með tilliti til hliðarvinds fyrir Reykjavíkflugvöll, 1. febrúar 2006 – 31. október 2012. Innan sviga er mat fyrir tímabilið 1957–1997 (Sigurður Jónsson, 1997).

Flugbrautir í notkun	10 kt hámarks- hliðarvindur	20 kt hámarks- hliðarvindur	30 kt hámarks- hliðarvindur
Flugbraut 01/19	77.7%	97.4%	99.8%
Flugbraut 13/31	77.9%	96.3%	99.8%
Allar flugbrautir	92.7%	99.6%	100.0%
Allar flugbrautir	(89.5%)	(98.9%)	-

vestur brautir en óhagstæðastar norður-suður brautir. Við svo lág útmörk, 10 kt=5.14 m/s, hefur lítil staðbundin breyting í vindátt eða vindhraða töluverð áhrif á nothæfisstuðla.

Töflur 14–16 sýna útreiknaðan nothæfisstuðul fyrir tveggja flugbrauta flugvöll, fyrir allar mögulegar samsetningar og sömu hliðarvindsútmörk og áður. Fyrir 10 kt hámarkshliðarvind er nothæfistuðullinn hæstur fyrir réttvísandi flugbrautirnar 020/200 og 100/280 sem liggja nær hornrétt á hvor aðra. Lægstur er nothæfisstuðullinn fyrir flugbrautir 000/180 og 170/350, en einungis er 10° munur á legu þeirra. Svipaðar samsetningar flugbrauta gefa hæstu nothæfisstuðla fyrir 20 kt hámarkshliðarvind en fyrir 30 kt hámarkshliðarvind er dreifing stuðla minni milli samsetninga flugbrauta og fjöldi samsetninga gefur nothæfisstuðulinn 99.3%. Þetta er 0.7 prósentustigum lægra en metinn nothæfisstuðull fyrir flugvöllinn á Reykjavíkflugvelli þar sem hann er 100% fyrir 30 kt hámarkshliðarvind.

Tafla 14. Mat á nothefjsstuðli með tilliti til hliðarvinds á tverr flugbrautir og 10 kt hámarks hliðarvind, 1. febrúar 2006 – 31. október 2012. Hér er einungis önnur réttvísandi flugbrautin skráð, þ.e. 000 merkir flugbrautina 000/180. Hámarksgildi eru feitletruð.

	000	010	020	030	040	050	060	070	080	090	100	110	120	130	140	150	160	170
000	–	68.3	71.1	73.4	76.1	79.4	82.8	85.2	86.8	87.8	88.5	87.7	85.2	82.3	79.4	75.9	71.7	67.9
010	68.3	–	68.5	70.9	73.8	77.5	81.7	85.0	87.4	89.0	90.1	89.7	87.6	85.1	82.5	79.3	75.3	71.6
020	71.1	68.5	–	68.9	71.8	75.7	80.4	84.3	87.1	89.2	<b>90.6</b>	<b>90.5</b>	88.8	86.6	84.4	81.5	77.9	74.3
030	73.4	70.9	68.9	–	69.9	73.9	78.7	82.9	85.9	88.2	89.9	90.2	88.7	87.0	85.2	82.8	79.7	76.4
040	76.1	73.8	71.8	69.9	–	72.1	77.0	81.2	84.4	86.9	88.8	89.4	88.3	87.1	86.0	85.2	82.8	79.7
050	79.4	77.5	75.7	73.9	72.1	–	74.9	79.2	82.4	85.0	87.1	88.1	87.9	87.6	87.1	85.9	83.7	81.6
060	82.8	81.7	80.4	78.7	77.0	74.9	–	76.3	79.6	82.2	84.5	86.3	87.2	87.9	88.1	87.3	85.6	84.1
070	85.2	85.0	84.3	82.9	81.2	79.2	76.3	–	76.8	79.4	81.9	84.3	86.1	87.4	88.1	87.7	86.5	85.7
080	86.8	87.4	87.1	85.9	84.4	82.4	79.6	76.8	–	77.1	79.6	82.1	84.4	86.1	87.2	87.3	86.6	86.4
090	87.8	89.0	89.2	88.2	86.9	85.0	82.2	79.4	77.1	–	77.6	80.2	82.6	84.5	85.8	86.3	86.3	86.7
100	88.5	90.1	<b>90.6</b>	89.9	88.8	87.1	84.5	81.9	79.6	77.6	–	78.0	80.5	82.5	84.1	85.0	85.6	86.8
110	87.7	89.7	<b>90.5</b>	90.2	89.4	88.1	86.3	84.3	82.1	80.2	78.0	–	77.3	79.3	81.1	82.5	83.7	85.5
120	85.2	87.6	88.8	88.7	88.3	87.9	87.2	86.1	84.4	82.6	80.5	77.3	–	74.8	76.6	78.3	80.3	82.6
130	82.3	85.1	86.6	87.0	87.1	87.6	87.9	87.4	86.1	84.5	82.5	79.3	74.8	–	72.5	74.3	76.6	79.2
140	79.4	82.5	84.4	85.2	86.0	87.1	88.1	88.1	87.2	85.8	84.1	81.1	76.6	72.5	–	70.8	73.1	76.0
150	75.9	79.3	81.5	82.8	84.2	85.9	87.3	87.7	87.3	86.3	85.0	82.5	78.3	74.3	70.8	–	69.4	72.4
160	71.7	75.3	77.9	79.7	81.5	83.7	85.6	86.5	86.6	86.3	85.6	83.7	80.3	76.6	73.1	69.4	–	68.1
170	67.9	71.6	74.3	76.4	78.8	81.6	84.1	85.7	86.4	86.7	86.8	85.5	82.6	79.2	76.0	72.4	68.1	–



Tafla 15. Mat á nothæfissuðli með tilliti til hliðarvinds á tvær flugbrautir og 20 kt hámarksfliðarvind, 1. febrúar 2006 – 31. október 2012. Hér er einungis önnur réttvísandi flubrautin skráð, þ.e. 000 merkir flugbrautina 000/180. Hámarksgildi eru feitleitruð.

	000	010	020	030	040	050	060	070	080	090	100	110	120	130	140	150	160	170
000	–	92.4	93.2	94.3	95.4	96.4	97.0	97.4	97.7	98.2	98.6	<b>98.9</b>	<b>98.8</b>	98.1	97.0	95.7	94.5	93.3
010	92.4	–	92.0	93.1	94.3	95.3	96.0	96.6	97.1	97.8	98.4	<b>98.8</b>	<b>98.8</b>	98.2	97.2	96.0	94.9	93.8
020	93.2	92.0	–	92.0	93.2	94.3	95.1	95.8	96.5	97.3	98.0	98.6	98.7	98.3	97.4	96.4	95.5	94.5
030	94.3	93.1	92.0	–	92.4	93.5	94.4	95.2	96.0	96.9	97.7	98.4	98.6	98.3	97.7	97.1	96.4	95.6
040	95.4	94.3	93.2	92.4	–	92.9	93.8	94.6	95.5	96.5	97.4	98.2	98.5	98.4	98.2	97.9	97.4	96.6
050	96.4	95.3	94.3	93.5	92.9	–	93.3	94.1	95.1	96.1	97.0	97.9	98.3	98.5	98.5	98.5	98.2	97.5
060	97.0	96.0	95.1	94.4	93.8	93.3	–	93.6	94.5	95.6	96.6	97.4	98.0	98.4	98.6	98.7	98.6	98.0
070	97.4	96.6	95.8	95.2	94.6	94.1	93.6	–	93.9	94.9	96.0	96.9	97.5	98.0	98.4	98.6	98.6	98.2
080	97.7	97.1	96.5	96.0	95.5	95.1	94.5	93.9	–	94.1	95.2	96.1	96.8	97.4	97.9	98.3	98.5	98.4
090	98.2	97.8	97.3	96.9	96.5	96.1	95.6	94.9	94.1	–	94.2	95.2	95.9	96.6	97.3	97.8	98.3	98.5
100	98.6	98.4	98.0	97.7	97.4	97.0	96.6	96.0	95.2	94.2	–	94.4	95.2	95.9	96.7	97.5	98.1	98.6
110	<b>98.9</b>	<b>98.8</b>	98.6	98.4	98.2	97.9	97.4	96.9	96.1	95.2	94.4	–	94.5	95.3	96.3	97.2	98.0	98.7
120	<b>98.8</b>	<b>98.8</b>	98.7	98.6	98.5	98.3	98.0	97.5	96.8	95.9	95.2	94.5	–	94.8	95.8	96.8	97.7	98.4
130	98.1	98.2	98.3	98.3	98.4	98.5	98.4	98.0	97.4	96.6	95.9	95.3	94.8	–	95.0	96.0	97.0	97.7
140	97.0	97.2	97.4	97.7	98.2	98.5	98.6	98.4	97.9	97.3	96.7	96.3	95.8	95.0	–	94.8	95.8	96.6
150	95.7	96.0	96.4	97.1	97.9	98.5	98.7	98.6	98.3	97.8	97.5	97.2	96.8	96.0	94.8	–	94.5	95.3
160	94.5	94.9	95.5	96.4	97.4	98.2	98.6	98.6	98.5	98.3	98.1	98.0	97.7	97.0	95.8	94.5	–	94.0
170	93.3	93.8	94.5	95.6	96.6	97.5	98.0	98.2	98.4	98.5	98.6	98.7	98.4	97.7	96.6	95.3	94.0	–

Tafla 16. Mat á nothefjsstuði með tilliti til hliðarvinds á tverr flugbrautir og 30 kt hámarksfliðarvind, 1. febrúar 2006 – 31. október 2012. Hér er einungis önnur réttvísandi flugbrautin skráð, þ.e. 000 merkir flugbrautina 000/180. Hámarksgildi eru feitletruð.

	000	010	020	030	040	050	060	070	080	090	100	110	120	130	140	150	160	170
000	–	98.4	98.5	98.7	98.9	99.0	99.0	99.1	99.2	99.2	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	99.2	99.0	98.8	98.6
010	98.4	–	98.3	98.4	98.6	98.7	98.8	98.9	99.0	99.2	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	99.2	99.0	98.8	98.6
020	98.5	98.3	–	98.1	98.3	98.4	98.5	98.6	98.9	99.1	99.2	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	99.2	99.1	98.9	98.8
030	98.7	98.4	98.1	–	97.9	98.0	98.2	98.4	98.7	99.0	99.1	99.2	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	99.2	99.1	99.1	98.9
040	98.9	98.6	98.3	97.9	–	97.7	97.9	98.2	98.5	98.8	99.0	99.1	99.2	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	99.2	99.2	99.1
050	99.0	98.7	98.4	98.0	97.7	–	97.7	98.0	98.4	98.7	98.9	99.1	99.2	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	99.2	99.1
060	99.0	98.8	98.5	98.2	97.9	–	–	97.9	98.3	98.6	98.9	99.0	99.2	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	99.2	99.2
070	99.1	98.9	98.6	98.4	98.2	98.0	97.9	–	98.1	98.5	98.8	99.0	99.1	99.2	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	99.2
080	99.2	99.0	98.9	98.7	98.5	98.4	98.3	98.1	–	98.3	98.6	98.9	99.0	99.1	99.2	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	99.2
090	99.2	99.2	99.1	99.0	98.8	98.7	98.6	98.5	98.3	–	98.5	98.8	98.9	99.1	99.2	99.2	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>
100	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	99.2	99.1	99.0	98.9	98.9	98.8	98.6	98.5	–	98.7	98.8	99.0	99.1	99.2	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>
110	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	99.2	99.1	99.1	99.0	99.0	98.9	98.8	98.7	–	98.7	98.9	99.1	99.2	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>
120	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	99.2	99.2	99.2	99.1	99.0	98.9	98.8	98.7	–	98.9	99.0	99.2	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>
130	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	99.2	99.2	99.2	99.1	99.1	99.0	98.9	98.9	–	99.0	99.1	99.2	<b>99.3</b>
140	99.2	99.2	99.2	99.2	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	99.2	99.2	99.1	99.1	99.0	99.0	–	99.0	99.1	99.2
150	99.0	99.0	99.1	99.1	99.2	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	<b>99.3</b>	99.2	99.2	99.2	99.2	99.1	99.0	–	98.9	99.0
